

Þriðjudaginn 11. apríl 1995.

Nr. 37/1995.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Einari Guðbjartssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Fjársvik. Misneyting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 1. febrúar 1995. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun kemur fram, að óskað sé endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b-, c- og d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Til þrautavara krefst ákærði þess, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu samkvæmt III. kafla ákæru og að þau brot, er þar greinir, verði heimfærð til beggja þeirra refsíákvæða, er í ákæru greinir. Enn fremur er krafist sakfellingar samkvæmt II. kafla ákæru og þyngingar á refsingu.

Meðákærði í héraði var sýknaður, og hefur dóminum ekki verið áfrýjað að því leyti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Þær ástæður, sem ákærði hefur teflt fram til stuðnings aðalkröfu sinni um ómerkingu héraðsdóms, lúta að því, að annmarkar séu á málsmeðferð héraðsdómara og að héraðsdómur sé ekki nægilega skýr og glöggur. Verður ekki á það fallist með ákærða, að samningu héraðsdóms sé svo áfátt eða að þeir ágallar hafi orðið við meðferð málsins, að leiða eigi til þess, að aðalkrafa hans verði tekin til greina.

II.

Í héraðsdómi er greint frá framburði vitnisins X fyrir dómi 12. desember 1994 og aftur 19. desember sama ár um það, sem ákærða er gefið að sök í II. kafla ákæru. Í fyrri framburði sínum taldi X sig hafa veitt ákærða heimild til að ráðstafa skuldabréfi því, að nafnverði 800.000 krónur, sem hér um ræðir, áður en ákærði seldi það 4. september 1991 og hagnýtti söluandvirði þess í eigin þágu. Er vitnið kom fyrir dóm í síðara skiptið, bar það, að ákærði hefði leitað eftir, en ekki fengið heimild til ráðstöfunar á bréfinu. Við skýrslutöku hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. júlí 1994 bar X um þetta atriði á þann veg, að hann hefði aldrei veitt ákærða heimild til sölu á þessu skuldabréfi né til að ráðstafa því. Þá er komið fram, að allnokkru áður en ákærði ráðstafaði bréfinu með sölu afhenti hann það Landsbanka Íslands að handveði til tryggingar skuldum sínum við bankann. Ekki er ákært fyrir þá ráðstöfun ákærða á skuldabréfinu.

Að öllu virtu og með vísan til 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um sýknu af þessum lið ákæru.

III.

Sú háttsemi, sem ákærði er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, er samkvæmt III. kafla ákæru talin varða við 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur héraðsdómari felld háttsemi ákærða samkvæmt öllum liðum III. kafla ákæru undir 248. gr. laganna, en sýknað af broti gegn 253. gr.

Ætlað brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Það athæfi ákærða, sem hér um ræðir, varð síðari hluta árs 1992 og í ársbyrjun 1993. Hann hafði þá verið atvinnulaus frá 1. júlí 1992, eftir að honum var sagt upp starfi á Landspítalanum, þar sem hann hafði starfað sem fulltrúi á áfengismeðferðardeild síðan 1988. Tekjur hans eftir það virðast samkvæmt fram lögðum skattframtölum fyrir árin 1992 og 1993 ekki hafa verið aðrar en atvinnuleysisbætur auk nokkurs örorkulífeyris frá Lífeyrissjóði sjómanna. Telja verður sannað, að ákærði hafi ekki skýrt X frá því, að hann hafði misst atvinnu sína og væri atvinnulaus, er hann fékk X til að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem um getur í þessum kafla ákæru.

Er hér var komið, var skuldabréf, sem fjallað er um í II. kafla ákæru, komið í vanskil. Hlutaðist ákærði þó ekki til um að koma því í skil með greiðslu af andvirði þeirra lána, sem um getur í III. kafla ákæru. Eldri skuldir ákærða voru jafnframt verulegar á þessum tíma. Þá er fram komið, að bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta árið 1984, skiptum lokið 1986 og búið reynst eignalaust. Fram kom beiðni um gjaldþrotaskipti á búi ákærða 1988, en var afturkölluð. Enn var beiðst gjaldþrotaskipta á búi hans 1991, en beiðnin síðan afturkölluð. Árangurslaust fjárnám fór fram hjá ákærða í ágúst 1994.

Bú eiginkonu ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta 1989 og skiptum lokið 1990. Var bú hennar eignalaust. Á sama tíma og ákærði fékk X til að veita veð það í íbúð sinni, sem um getur í 2. lið III. kafla ákæru, tók eiginkona ákærða jafnframt annað lán, að fjárhæð 900.000 krónur, án þess að X væri skýrt frá því.

Eins og atvinnu og fjárhag ákærða og eiginkonu hans var komið, er hann fékk X til þeirra ráðstafana, sem hér um ræðir, gat ákærði ekki dulist, að þeim hjónum yrði ókleift að standa í skilum. Óhjákvæmilega yrði því gengið að fasteign X sem veðþola til fullnustu skuldunum. Skiptir hér ekki máli, þótt ákærði hefði fengið lán framlengd, svo sem hann hefur haldið fram hér fyrir dómi, að tekist hefði. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt staðfest endurrit úr gerðabók sýslumannsembættisins í Reykjavík, þar sem fram kemur, að íbúð X hafi verið seld nauðungarsölu 3. febrúar 1995 að kröfu eigenda veðskuldabréfa, sem getur í II. og III. kafla ákæru, auk Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Í héraðsdómi er því lýst, að ákærði hafi látið X skuldbinda sig til greiðslu lána samkvæmt 3. lið III. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 700.000 krónur. Ákærði hefur gefið þá skýringu á þessu, að hluta af andvirði láns frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 1. lið III. kafla ákæru, hafi hann varið til greiðslu skulda X. Um hafi verið að ræða kröfu, að fjárhæð rúmlega 66.000 krónur, og kröfu samkvæmt I. kafla ákæru. Sú skuld var hins vegar gerð upp við ákærða með 300.000 króna greiðslu, og gaf kröfuhafi þannig eftir hluta hennar, án þess að ákærði skýrði X frá því eða léti hann njóta þess á nokkurn hátt.

Svo sem að framan er rakið, leyndi ákærði mikilvægum atriðum

um atvinnu sína og skuldastöðu, er hann fékk X til að veita veð í íbúð sinni og gefa út skuldabréf. Að auki lofaði ákærði honum skilvísun greiðslum af hendi þeirra hjóna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða héraðsdómara um sakfellingu ákærða fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt öllum liðum III. kafla ákæru.

Ætlað brot gegn 253. gr. hegningarlaga.

X, sem brot ákærða beindust gegn, starfaði áður sem rafvirki hjá Skeljungu hf. Samkvæmt skýrslu hans hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins var honum sagt upp því starfi um miðjan síðasta áratug vegna drykkjusýki. Eftir það hafi hann ekkert starfað. Stöðugt hafi sigið á ógæfuhliðina hjá sér og hann orðið dagdrykkjumaður. Hann hefur verið öryrki um nokkurra ára skeið.

Vitnið Þ, nemandi í sálfræði við Háskóla Íslands, hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Hún býr í sama húsi og X og telur sig þekkja vel persónulega hagi hans. Hefur hún borið, að X hafi aldrei verið giftur né verið í sambúð og eigi ekki börn. Hann sé einstæðingur, sem hafi nánast drukkið frá sér öll samskipti við annað fólk. Hann drekki áfengi, svo að dögum og vikum skipti, og verði þá algerlega ósjálfbjarga. Hafi drykkjan sífellt ágerst hin síðari ár. Hann drekki nánast ætíð einn og neyti lítils matar, er hann sé við áfengisdrykkju. Fyrir hafi komið, að hún hafi kallað á neyðarlækni til að sinna honum.

Samkvæmt bréfi Jóhannesar Bergsveinssonar, yfirlæknis á geðdeild Landspítalans, dagsettu 10. ágúst 1994, dvaldist X til meðferðar á deild 33-A, móttökudeild fyrir áfengissjúklinga á geðdeild Landspítalans, alls sex sinnum á tímabilinu 1980-1994. Á sama tíma hafi hann margsinnis komið á göngudeild áfengissjúklinga, deild 32-E, og í bráðaðþjónustu geðdeildar spítalans. Eftir 1988 hafi komum hans fjölgað verulega á göngudeild og á bráðaðþjónustu. Jafnframt hafi líkamlegri og andlegri heilsu hans hrakað.

Í sama bréfi yfirlæknisins er skýrt frá því, að ákærði hafi hafið störf við áfengis- og vímuefnadeildir geðdeildar Landspítalans 15. febrúar 1988 og starfað þar til 30. júní 1992. Hann hafi einkum starfað á deild 32-E og liðsinnt sjúklingum á ýmsan hátt, en að auki hafi

hann í einhverjum mæli aðstoðað á sama hátt sjúklinga, sem dvöldust á deild 33-A. Í gögnum spítalans komi fram, að X hafi á tímabilinu 19. maí 1989 til 21. febrúar 1991 verið þátttakandi í stuðningshópi áfengissjúklinga, sem ákærði stjórnaði. Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram, að hópur þessi kom saman vikulega, 1 til 1½ klukkustund í senn.

X hefur skýrt svo frá, að þarna hafi kynni sín og ákærða hafist. Sér hafi líkað vel við ákærða, fengið traust á honum og trúað því, að hann vildi sér vel. Kynni þeirra hafi aukist jafnt og þétt og ákærði farið að koma á heimili sitt. Er að því kom, að ákærði óskaði eftir samþykki sínu til þeirra ráðstafana, sem getur í III. kafla ákæru, hefði hann ekki haft burði í sér til annars en samþykkja óskir ákærða, enda hefði hann gengið hart eftir samþykki. Hefur vitnið Þ staðfest, að hún hafi iðulega orðið vör við heimsóknir ákærða til X á þessum tíma.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir hafið yfir vafa, að ákærða hafi sem starfsmanni áfengismeðferðardeilda Landspítalans verið ljóst, hvernig högum X var komið. Hafði ákærði vegna starfa sinna þar sérstaka stöðu umfram aðra gagnvart X. Í skjóli hennar notfærði hann sér bágingi X til að afla sér fjárhagslegs ávinnings á kostnað hans. Verður athæfi hans því einnig talið varða við ákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Sakaferill ákærða er rakinn í héraðsdómi. Fallist er á sjónarmið héraðsdómara um ítrekunaráhrif fyrri brota ákærða.

Samkvæmt öllu framansögðu og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, og verður hann því staðfestur.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Einar Guðbjartsson.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. janúar 1995.

I.

Ár 1995, föstudaginn 20. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-905/1994: Ákærvaldið gegn Einari Guðbjartssyni og H, en málið var dómtekið 19. desember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 30. nóvember 1994, á hendur „Einari Guðbjartssyni, Grýtubakka 24, Reykjavík, fæddum 2. ágúst 1945, fæðingarnúmer 430, og H [...] fyrir fjársvik og misneytingu og ákærða Einari auk þess fyrir fjárdrátt gagnvart X, kennitala 280531-4139, á árunum 1990 til 1993.

Ákærða H er gefið að sök að hafa með sviksamlegum hætti og með því að notfæra sér bágingi nefnds X og að hann taldi sig háðan ákærða H, eftir að hann hafði þegið lögfræðiaðstoð hans, fengið hann til að rita samþykki sitt sem greiðanda á tvo víxla, báða út gefna 19. júlí 1990 af Þórði Sigfússyni, annan, að fjárhæð 135.000 kr., til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með gjalddaga 3. ágúst 1990 og hinn, að fjárhæð 145.324 kr., til greiðslu í sama banka með gjalddaga 3. september 1990, og nota þá í eigin þágu til greiðslu á viðskiptaskuld sinni við Guðjón Ó hf. gegn lofordi til samþykkjanda um, að ákærði myndi greiða víxlana, sem vegna ógjaldfærni ákærða H voru greiddir í nóvember 1992 með 300.000 kr. af lífeyrissjóðsláni, sem meðákærði Einar tók með veði í fasteign nefnds X og er ákærufni í 2. tl. III. kafla.

Telst þetta varða við 248. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða Einari er gefið að sök, eftir að hann hafði árið 1990 fengið í hendur til geymslu fyrir nefndan X handhafaskuldabréf, út gefið af nefndum X 20. september 1990, að fjárhæð 800.000 kr., tryggt með 1. veðrétti í eignarhluta hans í fasteigninni Bragagötu 33 A, Reykjavík, að hafa heimildarlaust og án vitundar hans framselt bréfið 4. september 1991 Landsbanka Íslands og dregið sér andvirði þess, að fjárhæð 724.540,40 kr.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Þá er ákærða Einari gefið að sök að hafa með sviksamlegum hætti og með því að notfæra sér bágingi aðurnefnds X og að hann var háður ákærða

Einari vegna kynna, frá því að hann hafði verið sjúklingur á áfengis meðferðardeild Landspítalans, þar sem ákærði Einar var starfsmaður, fengið X án nokkurrar tryggingar honum til handa til að samþykkja veðsetningu efri hæðar fasteignarinnar Bragagötu 33 A, Reykjavík, til tryggingar greiðslu fjögurra skuldabréfa ákærða og eiginkonu hans, sem hér greinir:

1. Með veðleyfi, dagsettu 15. október 1992, vegna láns ákærða hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 1.200.000 kr., út gefnu 26. október 1992, tryggðu með 2. veðrétti, gegn því, að ákærði yrði greiðandi bréfsins og að helmingur lánsfjárlans yrði nýttur í þágu veðþola, en nýta sjálfur alla lánsfjárhæðina utan 300.000 krónur til greiðslu á kröfu samkvæmt víxlum þeim, sem meðákærði H fékk til ráðstöfunar, og 66.597 kr. til greiðslu á skuld veðþola.
2. Með áritun um samþykki sem þinglýsts eiganda á veðskuldabréf, út gefið 15. desember 1992 af eiginkonu ákærða, Báru Guðmundsdóttur, til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að fjárhæð 300.000 kr., með 3. veðrétti, án þess að veðþoli fengi nokkuð af lánsfénu, 297.000 kr., sem ákærði fékk útborgað 16. desember 1992.
3. Með því að fá hann til að undirrita sem skuldara tvö veðskuldabréf, bæði út gefin 28. janúar 1993, til ákærða sem kröfuhafa, hvort að fjárhæð 350.000 kr., tryggð með 4. og 5. veðrétti, sem ákærði seldi Handsali hf., annað 17. febrúar 1993 fyrir 326.711 kr. og hitt 2. apríl 1993 fyrir 327.719 kr.

Telst þetta varða við 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar“.

— — —

Upphaf máls þessa má rekja til kærubréfs Jóhanns Péturs Sveinssonar héraðsdómslögmanns f. h. lögfræðipjónustu Öryrkjabandalags Íslands, en bréfið er dagsett 28. júní 1994. Þar er ákærði, Einar Guðbjartsson, sem var starfsmaður á geðdeild Landspítalans, kærður fyrir misneytingu og hann sagður hafa margsinnis fengið X til að skrifa upp á skuldabréf og lán með veði í húseign sinni. X hafi oft verið til meðferðar á geðdeild Landspítala vegna áfengissýki og ekki gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.

Hinn 21. júlí 1994 ritaði Jóhann Pétur Sveinsson héraðsdómslögmaður f. h. Öryrkjabandalags Íslands bréf og kærði ákærða H fyrir að hafa notfært sér ástand X og fengið hann til að samþykkja þá tvo víxla, sem um ræði í I. kafla ákæru.

Eftir þetta voru ákærði og vitni yfirheyrð hjá lögreglu, og verður framburður þeirra þar ekki rakinn hér, en rakinn framburður þeirra fyrir dómnum.

— — —

II.

Ákærði Einar Guðbjartsson kom fyrir dóm 12. desember sl. og kvað lýsingu skuldabréfsins og dagsetningar í þessum ákærulið réttar, en vísaði því á bug að hafa gerst sekur um fjárdrátt.

Ákærði kvað X hafa komið að máli við sig, er ákærði var starfsmaður á áfengisdeild Landspítala, og beðið sig að geyma skuldabréfið, sem lýst er í þessum ákærulið, en ákærði kvaðst fyrst hafa farið með X til sýslumanns og sótt skuldabréfið úr þinglýsingu. Skuldabréfið hafi síðan verið í vörslum ákærða marga mánuði eða upp undir eitt ár, uns ákærði lenti í fjárhagsörðugleikum. Þá hafi hann haldið á fund X á heimili hans, og hafi X ekki verið drukkinn, og tók ákærði fram, að hann hefði aldrei rætt um mál, sem hér er ákært út af, við X öðruvísi en hann væri ódrukkinn og „allt í lagi“. Ákærði kvaðst hafa beðið X að lána sér skuldabréfið, og hefði það verið auðsótt mál. Ákærði kvaðst síðan hafa selt skuldabréfið og fengið við þá sölu 724.540,40 kr., eins og í ákæru greini, og notað andvirðið í eigin þágu. Frá því hafi verið gengið milli ákærða og X, að ákærði innti af hendi afborganir af láninu. X hafi ekkert skriflegt fengið í hendur vegna þessa, heldur einungis munnlegt loforð ákærða. Ákærði kvaðst hafa ætlað að greiða af láninu með launatekjum sínum. Ákærði kvaðst hafa innt af hendi fyrstu tvær afborganirnar af skuldabréfinu, en greiðsluseðlar hefðu borist á heimili X, sem var skuldari samkvæmt skuldabréfinu. X hafi síðan komið greiðsluseðlum til ákærða, sem hafi greitt tvo hina fyrstu á gjalddaga, svo sem rakið var. X hafi því alla tíð vitað af skuldabréfinu og að búið var að ráðstafa því.

Vitnið X kom fyrir dóminn 12. og 19. desember sl.

Við yfirheyrslu 19. desember sl. kvað X H hafa útbúið þetta skuldabréf og farið með það í þinglýsingu. X kvaðst hafa kynnst ákærða, er X var á göngudeild Landspítalans fyrir áfengissjúklinga, en þar hafi ákærði verið starfsmaður. Ákærði Einar hafi sótt skuldabréfið í þinglýsingu, og hafi X farið með honum þá ferð. X kvaðst hafa ætlað að fá skuldabréfið í hendur, en ákærði Einar hafi ekki treyst sér til þess að hafa skuldabréfið undir höndum og hann því geymt það í vörslum sínum á Landspítala. X kvað ákærða síðan hafa nefnt við sig í tengslum við endurnýjun eldhússinnréttingar í íbúð ákærða og beðið sig um heimild til að ráðstafa skuldabréfinu, en á þessum tíma kveðst X hafa verið illa á sig kominn. X kvaðst ekki hafa heimilað það og kvaðst telja ákærða hafa ráðstafað skuldabréfinu heimildarlaust, en X kvaðst telja, að ráðstöfun ákærða á skuldabréfinu hefði fyrst borið á góma, eftir að ákærði hafði ráðstafað því.

Við dómsyfirheyrslu 12. desember sl. lýsti X því, að ákærði hefði beðið

sig um leyfi til að nota skuldabréfið, sem lýst er í þessum ákærulið, og að þetta hafi borið á góma í tengslum við það, að ákærði hugðist lagfæra eldhúsið á heimili sínu. X kvaðst hafa heimilað ákærða að ráðstafa skuldabréfinu, en ákærði hefði ætlað að greiða afborganir af því. Þegar X var kynntur framburður ákærða þess efnis, að hann hefði verið í fjárkröggum og X heimilað sér að ráðstafa skuldabréfinu gegn loforði um, að ákærði greiddi af því, kvaðst X ekki þora að segja til um þetta.

Ákærði H bar fyrir dóminum 12. desember sl. að hafa útbúið skuldabréfið. Tilganginn með útgáfu bréfsins kvað hann hafa verið þann að koma í skil víxlunum, sem lýst er í I. kafla ákæru, og til að nota andvirðið til að ná út bókum, sem síðan átti að koma í sölu. Ákærði H kvaðst hafa greitt þinglýsingarkostnað, en er sækja átti skuldabréfið úr þinglýsingu, hafi X komið að máli við sig og verið með einhverja bakþanka. Hann kvaðst ekki hafa rætt þetta mál frekar við X, heldur ráðið honum til að sækja skuldabréfið úr þinglýsingu og ekki vitað frekar af því.

III. 1.

Ákærði kom fyrir dóminn 12. desember sl. og kvað öllu rétt lýst í þessum kafla ákæru utan upphafi þessa kafla, þar sem segir, að X hafi verið háður ákærða og ákærði notfært sér bágindi hans, eins og þar er lýst. Ákærði var starfsmaður á áfengismeðferðardeild Landspítala, og X hefði komið á fundi, sem ákærði stjórnaði, en X ekki verið í neins konar meðferð hjá ákærða.

Aðdraganda þess, að ákærði fékk veðleyfi hjá X, sem lýst er í kafla III 1, kvað ákærði hafa verið þann, að látlaust hefðu borist uppboðsbeiðnir vegna vanskila víxlanna, sem í I. kafla ákæru greinir. X hefði rætt þessi mál við sig og ákærði ráðið honum að sækja um lán til að koma víxlunum í skil. Ákærði kvaðst hafa fengið konu, sem hann þekki, til að kanna lánsmöguleika X hjá lífeyrissjóði hér í borg, en X hafi talið sig eiga þar lánsrétt. Ekki hafi X getað fengið þetta lán. Ákærði kvaðst eftir viðræður við hann hafa boðist til að notfæra sér lánsrétt sinn hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og taka 1.200.000 króna lán þar. Spurður um ástæðu þess, vegna hvers ákærði sótti ekki um þá lánsfjárhæð, sem til þurfti að koma víxlum X í skil, kvaðst ákærði hafa ákveðið að nýta sér allan lánsréttinn. Á þessum tíma var ákærði atvinnulaus, en kvaðst hafa vonast eftir atvinnu, svo að hann gæti greitt afborganir af láninu. Ákærði kvaðst hafa gefið X munnlegt loforð þess efnis, að hann myndi greiða afborganir af þessu láni, sem þinglýst var með 2. veðrétti á fasteign X, svo sem í ákæru greinir. Á þessum tíma var lánið, sem lýst er í II. kafla ákæru, komið í vanskil, en ekki í óefni að

sögn ákærða. Ákærði kvað X hafa gert sér fullkomna grein fyrir stöðu mála, vanskilum víxlanna, sem um getur í I. kafla ákæru, vanskilum skuldabréfsins, sem lýst er í II. kafla, og þessu nýja láni, sem tryggt var með veði í fasteign X. Andvirði þessa láns hafi verið varið svo sem í ákæru greinir.

Ákærði kvað upphaflega hafa verið um það samið við X, að nota skyldi helming lánsfjárhæðarinnar til greiðslu víxlanna, sem lýst er í ákærulið I, en skuld vegna þeirra hafi verið um 600.000 krónur. Ákærði kvaðst hafa samið um að greiða 300.000 kr., og þá hafi verið varið 66.597 krónum til að greiða skuld X, svo sem í ákæru greinir. Mismuninn notaði ákærði í eigin þágu. Samkvæmt þessu kvað ákærði X hafa verið fullkunnugt um það, að skuldin samkvæmt víxlunum og það, sem verja átti í þágu hans, hafi verið um 700.000 kr. Sem tryggingu kvaðst ákærði hafa fengið tvo víxla hjá X, hvorn að fjárhæð 350.000 kr., en gefin hafi verið út tvö skuldabréf í stað þessara víxla, og séu það skuldabréfin, sem lýst er í kafla III 3.

Spurður um það, hvort ekki hafi komið til greina að koma í skil 800.000 króna skuldabréfinu, sem lýst er í II. kafla ákæru, kvað ákærði það hafa komið til greina, en það einhvern veginn farist fyrir. Þetta hafi ekki verið rætt við X.

Vitnið X kom fyrir dóm 19. desember sl.

X kvaðst hafa veitt veðleyfi það, sem í ákæru greinir, en ákærði Einar hafi boðist til að koma í skil víxlunum, sem lýst er í ákærulið I. Ákveðið hafi verið, að um helmingi af lánsfjárhæðinni yrði varið til að greiða vanskil víxlanna, sem lýst er í I. ákærulið. X kvað sér hafa verið greint frá því, að skuld vegna þeirra næmi um 600.000 krónum. Ákærði hefði lofað að greiða af skuldabréfinu. Ekki kvaðst X hafa aðra tryggingu frá honum en loforð hans þess efnis, en X kvaðst ekki hafa verið borgunarmaður þessa láns, og það hafi ákærði vitað. Hann kvaðst ekki hafa vitað betur en ákærði væri í atvinnu, er veðleyfið var veitt. X kvaðst ekki hafa haft burði í sér til að neita ákærða um veðleyfið. Hefði ákærði gengið fast fram í því að fá sig til að skrifa upp á veðleyfið og komið hvað eftir annað á heimili sitt, og hefði ákærði ekki getað hnikað sér einn daginn, hefði hann komið daginn eftir eða næsta dag þar á eftir. X kvaðst á þessum tíma hafa verið illa fyrirkallaður, ýmist ölvaður eða timbraður. Ákærði hefði gengið fast eftir því að fá undirritun sína á skjölin, bæði skuldabréfin og veðleyfin, og kvaðst X ekki hafa treyst sér til að neita honum, sér hefði fundist hann vera á einhvern hátt orðinn háður ákærða. X kvaðst engar kvittanir hafa, sem sýndu, að ákærði hefði greitt helming lánsfjárhæðarinnar, 600.000 kr., í sína þágu og aldrei fengið í hendur skjöl, sem sýndu, að ákærði hefði greitt víxlana, sem lýst er í ákærulið I. X kvaðst þannig ekki hafa hugmynd um það, hvort

ákærði greiddi þessa fjárhæð, eða þá, hvort hann fékk einhvern afslátt. X kvað ákærða hafa greitt fyrir sig 66.597 kr., svo sem í ákæru greinir.

III. 2.

Ákærði bar fyrir dóminum 12. þ. m., að lýsing í þessum kafla ákæru væri rétt, nema ákærði vísaði því á bug að hafa komið þessum gjörningi á með sviksamlegum og refsiverðum hætti og að hafa notfært sér bágindi X, eins og í ákæru greinir.

Ákærði kvað eiginkonu sína hafa haft hug á því að nýta sér lánsrétt sinn hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Ákærði kvaðst þá hafa haldið á fund X og á sama hátt og áður fengið veðleyfi hjá honum, en ekki með sviksamlegum hætti. Það hafi verið auðsótt að fá veðleyfi hjá X, sem ekkert hafi fengið í sinn hlut af lánsfénu. Ákærði kvaðst hafa borið X það loforð frá eiginkonu sinni, Báru Guðmundsdóttur, að hún lofaði að inna af hendi greiðslur vegna lánsins. Bára hafi á þessum tíma verið í fastri vinnu, en ákærði atvinnulaus. Jafnhliða þessu 300.000 króna láni, sem lýst er í ákærunni, hafi Bára tekið hjá sama lífeyrissjóði lán að fjárhæð 900.000 kr. Af hvorugu láninu hafi verið greitt. Vanskil annarra lána, sem lýst hefur verið hér að framan, hafi ekki borið á góma milli ákærða og X, enda hafi alltaf staðið til, að ákærði greiddi þau lán og það standi til enn.

Vitnið X kom fyrir dóm 19. desember sl. og kvaðst hafa veitt veðleyfið, svo sem lýst er í þessum ákærulið. X kvað ákærða hafa beðið sig um veðleyfið, og kvaðst X ekki hafa haft burði í sér eða heilsu til að neita honum um þetta. Kvaðst X sjá það á nafnrítun sinni undir veðleyfið, að hann hefði ekki verið í góðu ásigkomulagi við undirritun skjalsins. Hann kvað ákærða hafa gengið fast eftir því að fá undirritun sína á bæði veðleyfin og skuldabréfin. X kvaðst ekkert hafa fengið í sinn hlut af lánsfjárhæðinni. Hann kvaðst engar tryggingar hafa fengið fyrir því, að greitt yrði af þessu láni, heldur einungis loforð frá ákærða þess efnis, að Bára Guðmundsdóttir greiddi af láninu. X kvaðst ekki hafa verið borgunarmaður fyrir láninu og kvaðst jafnframt telja, að ákærði gerði sér grein fyrir því.

III. 3.

Ákærði bar fyrir dóminum 12. desember sl., að lýsing í þessum ákærulið væri í öllu rétt, utan ákærði vísaði því á bug sem fyrr að hafa fengið X með sviksamlegum hætti til að koma þessum löggæringum á.

Ákærði kvað skuldabréf þessi þannig til komin, að við útgáfu skuldabréfsins sem og veðleyfisins, sem lýst er í ákærulið III 1 að framan, hefði X verið ljóst, að nota átti u. þ. b. 700.000 krónur af andvirði lánsins í hans þágu. Til þess að tryggja sig kvaðst ákærði hafa fengið tvo víxla hjá X, hvorn að fjárhæð 350.000 kr., og hefði verið um það rætt milli ákærða og X,

að víxlunum yrði síðar breytt og jafnvirði þeirra fært í skuldabréfaform. Víxlarnir hefðu verið hugsaðir sem trygging fyrir ákærða. Þessi tvö skuldabréf séu þau, sem lýst er í þessum ákærulið, og kvað ákærði bréfunum þar rétt lýst og öllu þar að lútandi, utan ákærði neitaði að hafa á refsiverðan hátt komið þessu í kring. Ákærði kvaðst hafa litið svo á, þar sem hann hefði náð fram lækkun á kröfunni vegna víxlanna, sem lýst er í I. kafla ákæru, þá hafi ákærði viljað koma í veg fyrir það, að meðákærði H nyti lækkunarinnar. Vegna þess hefðu skuldabréfin tvö, hvort að fjárhæð 350.000 kr., verið gefin út, en ekki lægri fjárhæð, og þá í samræmi við það, sem ákærði notaði í þágu X. Áður hafði ákærði borið, að hann teldi sig eiga að njóta hagnaðarins, sem fékkst af lækkun kröfunnar vegna víxlanna. Að því spurður, hvort X hefði verið fús til að gefa út þessi tvö skuldabréf og hvort honum hefði verið kunnugt um samning ákærða og það, hvaða fjárhæð hann ráðstafaði í þágu X, mundi ákærði ekki, hvort þetta hefði verið rétt við X. X hefði hins vegar fengið í hendur greiðslukvittun upp á 350.000 kr. vegna greiðslu víxlanna, sem lýst er í ákærulið I.

Vitnið X bar fyrir dóminum 19. desember sl., að hann áttaði sig ekki á útgáfu þeirra skuldabréfa, sem í þessum ákærulið greinir, og vissi ekki, hvernig þau væru til komin. Hann kvaðst ekki átta sig á því, hvort eitthvert samband væri milli útgáfu þessara skuldabréfa og fyrri samskipta sinna og ákærða Einars. X staðfesti framburð sinn hjá lögreglu frá 15. júlí sl., þar sem hann bar efnislega á sama veg, og kvaðst ekki muna, hvaða ástæður ákærði Einar hefði tilgreint fyrir beiðni sinni um, að X ritaði nafn sitt á þessi skuldabréf.

Ákærði, sem var starfsmaður á áfengismeðferðardeild Landspítalans, kvaðst hafa vitað, að X ætti við áfengissýki að stríða. Ákærði kvaðst ekki vita um fjárhag hans. Hann taldi X hafa gert sér grein fyrir ráðstöfununum, sem lýst er í II. og III. kafla ákæru, og að ekkert hefði verið athugavert við heilsuhagi X á þessum tíma og hann gert sér fullkomna grein fyrir því, sem gerðist. X hafi aldrei vakið máls á því, að þeir löggerningar, sem lýst er í II. og III. kafla ákæru, hafi að langmestu leyti farið fram og fjármunir verið nýttir í þágu ákærða, en ekki X. X hafi litið á þetta sem greiða.

Vitnið Þorgerður Sigríður Hafsteinsdóttir nemandi kom fyrir dóminn 12. desember sl.

Þorgerður kvaðst hafa búið í sama húsi og X frá árinu 1986, í 8 ár. Allan þennan tíma hefði X stundað nánast samfellda óreglu og stöðuga drykkju. Þorgerður kvaðst hafa veitt athygli tíðum uppboðsauglýsingum á íbúð X og hafa rétt við hann vegna þessa. Hún kvaðst eftir það hafa haft hugboð um, að ákærði Einar Guðbjartsson hefði misnotað aðstöðu sína gagnvart X og

stofnað til fjárskuldbindinga með veði í íbúð X. Þorgerður kvaðst hafa komist að því, er hún ræddi þessi mál við X, að hann hefði ekki haft neina hugmynd um raunverulegt ástand mála. X hefði rætt um veðskuldir, að fjárhæð 2–300.000 kr., og kvaðst Þorgerður telja, að X gerði sér enga grein fyrir veðskuldum og fjárhæð þeirra. X hefði greint sér frá því, að tveir menn, ákærðu í máli þessu, hefðu fengið veðleyfi í íbúð sinni.

Vitnið Bára Guðmundsdóttir gæslukona kom fyrir dóminn 12. desember sl., en Bára er eiginkona ákærða Einars.

Bára kvaðst hafa tekið lán hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna í desember 1992, svo sem lýst er í ákærulið III 2. Ákærði hefði fengið veðleyfi hjá X, en Bára kvaðst halda, að þeir hefðu kynnst, er ákærði Einar starfaði á Landspítalanum. Bára kvað þau hjónin hafa verið í fjárkröggum á þessum tíma. Andvirði lánsins hefði verið varið í þágu þeirra hjóna.

Á sama tíma og þetta lán var tekið kvaðst Bára hafa tekið 900.000 króna lán hjá sama lífeyrissjóði. Engin áætlun hefði verið gerð um afborganir af þessum lánum og láni því, sem ákærði Einar tók tveimur mánuðum áður og getið er um í ákærulið III 1, og ekki heldur reiknuð út greiðslubyrðir þeirra.

Niðurstöður.

— — —

II.

Svo sem rakið var, heldur ákærði því fram, að hann hafi fengið leyfi hjá X til að ráðstafa skuldabréfinu. Þá bar ákærði, að greiðsluseðlar vegna afborgana af skuldabréfinu hefðu borist á heimili X, sem hefði verið skuldari, og hefði X komið greiðsluseðlunum til ákærða, sem hefði innt af hendi tvær fyrstu afborganirnar, sem að mati ákærða sýndi, að X hefði vitað um ráðstöfun skuldabréfsins.

Vitnið X bar fyrir dóminum 12. desember sl., að hann hefði heimilað ákærða að ráðstafa skuldabréfinu gegn því, að hann greiddi afborganir af því.

Við dómsyfirheyrslur 19. s. m. kvaðst X telja, að ákærði hefði ráðstafað skuldabréfinu heimildarlaust.

Gegn eindreginni neitun ákærða er ekki sannað, að ráðstöfun hans og framsal á skuldabréfinu hafi verið heimildarlaus og án vitundar X, og er ákærði því sýknaður af þessum ákærulið.

III. 1.–3.

Háttsemi ákærða, sem lýst er í þessum ákæruliðum, er í ákæru talin varða bæði við 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómurinn tekur fyrst afstöðu til þess, hvort háttsemi, sem lýst er í þessum ákæruliðum, varði við 248. gr. almennra hegningarlaga.

X hafi verið sjúklingur á áfengismeðferðardeild Landspítalans, þar sem ákærði starfaði. Þar kynntist ákærði X og hafði auk þess við hann nokkur samskipti síðar, svo sem rakið hefur verið. Ákærði þekkti því vel til aðstæðna X, að því er ætla verður, bæði fjárhagsstöðu hans og persónulegra vandamála, er tengdust áfengissýki hans. Ákærða hlaut því að vera ljóst, að X var ekki borgunarmaður þeirra fjárskuldbindinga, sem lýst er í þessum köflum ákæru, en í öllum tilvikum var fasteign X sett að veði til tryggingar fyrir greiðslum lánanna, svo sem lýst er í ákæru, en einungis 366.597 krónum var varið í þágu veðpola, sbr. ákærulið III 1. Þegar þeir löggerningar, sem lýst er í þessum köflum ákæru, voru gerðir, var ákærði atvinnulaus og hafði þá verið atvinnulaus frá því í júní 1992. Ákærði var enn atvinnulaus, er hann var yfirheyrður fyrir dóminum í desember sl.

Lán það, sem lýst er í II. kafla ákæru, var að sögn ákærða í vanskilum á þessum tíma, og þótt ákærði hafi lofað X munnlega, að hann ábyrgðist greiðslu lánanna, og bæri þau skilaboð frá eiginkonu sinni, að hún lofaði að greiða af láni því, sem lýst er í ákærulið III 2, þá hlaut ákærða allt að einu að vera ljóst, að hann gat ekki, eins og á stóð, staðið í skilum, og hlyti því að verða gengið að eign X sem veðpola, enda hefur ákærði ekki greitt skuldirnar enn, þó að hann hafi borið, að það standi enn til. En svo sem rakið var, hafði ákærði verið atvinnulaus um nokkurra mánaða skeið, er hér var komið. Dómurinn telur hið sama eiga við um lán það, sem eiginkona ákærða tók. Ákærða hafi verið ljóst, er hann fékk veðleyfið, að ekki yrði unnt að standa í skilum með afborganir af því láni, enda bar Bára Guðmundsdóttir, eiginkona ákærða, fyrir dóminum, að samtímis því láni, sem lýst er í ákærulið III 2, hefði hún tekið lán, að fjárhæð 900 þúsund kr., og engin áætlun verið gerð um greiðslu afborgana af þessum lánum eða af láni því, sem ákærði tók og lýst er í ákærulið III 1, en þau hjónin hefðu á þessum tíma átt í fjárhagserfiðleikum.

Ákærði hefur því með þessari háttsemi sinni á ólögmetan hátt hagnýtt sér rangar og/eða óljósar hugmyndir X, sem taldi ákærða í fastri vinnu. Háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið III 1, III 2 og III 3 varðar því við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Svo sem rakið var, er háttsemi ákærða, sem lýst er í þessum köflum ákæru, jafnframt talin varða við 253. gr. almennra hegningarlaga.

Vísa má til þess, sem rakið var í niðurstöðukafla við I. kafla ákæru um heilsufar X, og innlagna á áfengismeðferðardeild Landspítalans og komu- og göngudeild fyrir áfengissjúklinga og báginga hans. Ekki er öðru til að dreifa en þar var rakið um heilsufar X á þeim tíma, sem þessir ákæruliðir taka til. Þannig er ekki til að dreifa nákvæmum gögnum, sem greini ná-

kvæmlega frá því, hvernig heilsu X var háttað á þessum tíma og hvort háttsemi ákærða geti varðað við 253. gr. almennra hegningarlaga. Svo sem rakið var í niðurstöðum við I. kafla ákæru, nægir ekki eitt og sér, að X hafi verið áfengissjúklingur, til að háttsemi ákærða verði talin varða við 253. gr. almennra hegningarlaga, og vísast til þess, sem þar var rakið, en þær röksemdir eiga einnig við um samskipti ákærða Einars og X.

X hefur borið, að sér hafi fundist hann vera á einhvern hátt háður ákærða og ekki haft burði í sér til að neita honum um undirskriftir, sem ákærði hafi gengið hart fram í að fá, og X þá verið illa á sig kominn. Ekkert liggur fyrir um það utan framburður X, að bágingi hans hafi verið slík, að 253. gr. almennra hegningarlaga geti átt við um háttsemi ákærða, svo sem rakið var. Þótt ákærði hafi verið starfsmaður á Landspítalanum, er X vistaðist þar og kom þar einnig á göngudeild, liggur ekkert fyrir um það nema framburður X, að hann hafi verið háður ákærða, svo sem lýst er í ákæru og talið er varða við 253. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessu telur dómurinn ekki sannað gegn neitun ákærða, að bágingi X hafi verið slík, að hann hafi verið svo háður ákærða, að háttsemi ákærða varði við 253. gr. almennra hegningarlaga, og er ákærði því sýknaður af broti gegn þeirri lagagrein.

Ákærði Einar hefur frá árinu 1962 gengist undir 15 dómsáttir fyrir áfengislagabrot, umferðarlagabrot, tolllagabrot, líkamsárás og fjársvik. Þá hefur hann frá árinu 1963 hlotið 9 refsídóma fyrir skjalafals, þjófnað, nytjastuld, fjárdrátt, fjársvik, umferðarlagabrot og áfengislagabrot. Síðustu fjórir refsídómarnir eru þessir: Dómur 20. febrúar 1986, tveggja mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjárdrátt. Tveir dómur eru frá 16. júní 1986, annars vegar 14 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og hins vegar tveggja mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Loks er dómur frá 16. janúar 1967, tveggja mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Þessir fjórir dómur hljóða þannig upp á 20 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins frá 14. desember sl. var 12. nóvember 1987 veitt náðun, skilorðsbundin í tvö ár, á framangreindum fjórum refsídómum, og hefur sú refsing ekki verið aflánuð.

Ákærði er nú dæmdur fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga falla ítrekunaráhrif niður, ef liðið hafa 5 ár, frá því að sökunautur hefur tekið út fyrri refsingu eða frá því að hún hefur verið felld niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið. Samkvæmt þessu var enn um ítrekunaráhrif að ræða, er ákærði framdi brot sitt, sem lýst er í ákærulið III 1.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra heg-

ingarlaga, og þykir hún með vísan til sakaferils ákærða og að öllu ofanrituðu virtu hæfilega ákvörðuð fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Einar sætti gæsluvarðhaldi í 3 daga undir rannsókn málsins, og skulu þeir dagar koma til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málsvarnarlaun Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða H, 50.000 kr., skulu greidd úr ríkissjóði.

Ákærði Einar greiði 50.000 kr. í saksóknarlaun, en sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærði Einar að 2/3 hlutum, þ. m. t. tilgreindan hluta af 100.000 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, á móti 1/3 hluta, sem greiða skal úr ríkissjóði.

Sigríður Jósefsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði H er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Einar Guðbjartsson sæti fangelsi í 15 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi þriggja daga gæsluvarðhald hans.

Málsvarnarlaun Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða H, 50.000 kr., greiðast úr ríkissjóði.

Ákærði Einar greiði 50.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærði Einar að 2/3 hlutum, þ. m. t. tilgreindan hluta af 100.000 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, á móti 1/3 hluta sem greiða skal úr ríkissjóði.
